

NES FRÉTTIR

DESEMBER 2016 • 12. TBL. • 29. ÁRG.

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188



Vesturbæjarútibú við Hagatorg

**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



Hin árlega L. des skemmtun var haldin í félagsheimili Seltjarnarness þar sem 10. bekkur í Valhúsaskóla setti upp söngleikinn Wake me up before you go go og sló sýningin í gegn hjá viðstöddum. Sjá nánar á bls. 8.

**Slökkvitækja-
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

Myndlistarvörur
Allt sem þú þarft
í Borgartúni 22

Slippfélagið
Málningarverksmiðja

Borgartúni 22
Opið: 8-18 virka daga
10-14 laugardaga

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

JÓLAD - CATAL

Félag þús ára og slóttu þú tveir 24. Desemberinn

HAPPY
BIRTHDAY

græn heilsa
heilsuverslun

lifestream
hrein lífræn næring

Ægisíða 121 f /grænheilsa



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU

 **HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA**
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka


Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
 RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson
 UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is
 Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

Leiðari

Verður Stór Seltjarnarnes aftur að veruleika?

Samtök atvinnulífsins hafa lagt til að sveitarfélögum verði fækkað úr 74 í níu. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu efnahagssviðs þeirra um stöðu og framtíð sveitarfélaga á Íslandi. Í skýrslunni er sýnt fram á slæma fjárhagsstöðu sveitarfélaganna almennt og sameining sögð leið til að ná fram alvöru hagræðingu í rekstri þeirra. Í dag eru 74 sveitarfélög en 41 þeirra eru með færri en 1000 íbúa, þar af eru sex sveitarfélög með færri en 100 íbúa. Sjö sveitarfélög eru nú á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavíkurborg er með nær fjórfalt fleiri íbúa en næsta sveitarfélag sem er Kópavogsbær. Önnur sveitarfélög eru fámennari.

Fram til þessa hefur lítið verið rætt um sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þótt þau eigi sér ýmiskonar samstarf t.d. á sviðum skipulags- og samgöngumála auk sorphirðu. Í hugmyndum Samtaka atvinnulífsins er lagt til að fækka sveitarfélögum þar niður í tvö; annars vegar sveitarfélag myndað af Seltjarnarnesbæ, Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ sem yrði með 123 þúsund íbúa og hins vegar sveitarfélag myndað úr Kópavogsbæ, Garðabæ og Hafnarfjarðarkaupstað sem yrði með 77 þúsund íbúa.

Þótt benda megi á jákvæð samlegðaráhrif af fækkun sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er líklegt að af henni verði ekki alveg í bráð nema að ríkisvaldið þrýsti á eftir henni. Eins gæti hún orðið með öðrum hætti en Samtök atvinnulífsins hafa lagt til. Ljóst má þó vera að niðurstöður skýrslu þeirra verða ræddar á meðal sveitarstjórnarfólks og minna má á að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur unnið að sameiningu þeirra um árabíl með all góðum árangri.

Seltirningar verða þó að bíða eitthvað eftir því að Stór Seltjarnes verði til að nýju með land frá Gróttu upp á Kjalarnes. En minna má á að stærsti hluti þess lands sem nú er kallað höfuðborgarsvæði tilheyrði Seltjarnarnes hrepp hinum forna.

Seltjarnarnes

Fermetraverð í fjölbýli hefur hækkað um 20% og 16% í sérbýli



Meðalverð á fermetra í fjölbýli á Seltjarnarnesi er 423.000 krónur og hefur hækkað um 20% á fyrstu níu mánuðum þessa árs. Hækkun fermetraverðs í sérbýli er um 16% á sama tíma. Um 13 til 14% almenn hækkun er á íbúðaverði það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu. Mikil hreyfing er á íbúðamarkaðnum og hefur verð hækkað sérstaklega hratt á seinni hluta ársins.

Í frétt frá greiningardeild Arionbanka kemur fram að meðaltals-hækkun í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu er um 13% og um 14% í einbýli. Þá er almenn hækkun

íbúðaverðs á landinu öllu á sama tíma um 13%. Hækkun húsnæðis-verðs hefur að mestu verið í takt við undirliggjandi hagstærðir. Fjárfesting í íbúðum hefur aftur á móti ekki fylgt undirliggjandi þróun nægilega vel síðustu misseri og ljóst að hún þarf að aukast nokkuð til að jafnvægi myndist á markaði. Í frétt greiningardeildarinnar kemur fram að uppsveiflan í verði á sérbýli sé mest í Seltjarnarnesbæ og Mosfellsbæ en íbúðaverð í Miðborg Reykjavíkur sem stundum er nefnd eftir póstnúmeri og kölluð 101 Reykjavík sé í algjörum sér flokki.

SKATAN ER KOMIN!

- HARÐFISKUR
- SALTFISKUR
- STÓRIR HUMARHALAR
- SKELFLÉTTUR HUMAR



NESVEGUR 100 • SÍMAR 562-1070, 896-4243
 OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10 - 18:30

Allar jólagjafirnar á einum stað

Ekki þvælast um þveinn
þveran í leit að jólagjöfum.
Verstaðu heima í héraði
á hagstæðu verði.



bókakaffi
stúdenta

Í Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi finnur þú meira en þig grunar. Njóttu þess að vera í notalegu umhverfi, fáðu þér kaffi og köku í Bókakaffi stúdenta, kíktu á nýjstu bækurnar og skoðaðu allar skemmtilegu gjafavörurnar í Kaupfélagi stúdenta.



KAUPFÉLAG
stúdenta

bóksala stúdenta

Alvöru bókabúð og miklu meira

Háskólatorgi - www.boksala.is - www.facebook.com/boksala

Fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar 2017

Leitast við að styðja vel við grunnþjónustuna

Fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2017 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum á fundi bæjarstjórnar 23. nóvember. Fjárhagsáætlunin var unnin í samvinnu við bæjarfulltrúa Samfylkingar og Neslista í bæjarstjórn Seltjarnarnes.

Í bókun bæjarstjórnar segir: Fjárhagsáætlun 2017 var unnin í samvinnu allra bæjarfulltrúa, með það að leiðarljósi að styðja vel við grunnþjónustu bæjarfélagsins, s.s. fræðslustarfsemi og félagslega þjónustu. Þetta verklag hefur gefist vel og undirstrikar skilning bæjarfulltrúa á fjármálum bæjarins, sem þeir bera ábyrgð á. Við fjárhagsáætlunargerðina var einnig litið til 3ja ára áætlunar bæjarfélagsins fyrir árin 2018-2020.

Í fjárhagsáætlun kemur fram að A-hluti bæjarsjóðs verður rekinn með 67 milljónum rekstrarafgangi á næsta ári. Þá verður samstæða Seltjarnarnesbæjar rekin með 16 milljónum rekstrarafgangi á næsta ári. Álagningarprósenta útsvars verður langt undir hámarki eða 13,70% en hámarkið er 14,52%.

Bókun Neslista og Samfylkingar vegna fjárhagsáætlunar 2017

Bæjarfulltrúar Neslista og Samfylkingar styðja þá tillögu að fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2017 sem hér liggur fyrir þrátt fyrir að við hana megi gera ýmsar athugasemdir. Við vinnslu hennar kom vel í ljós að rekstur bæjarins er í algerum jánnum og sáralítið má út af bera til þess að forsendur hennar bresti og margir óvissuþættir eru fyrir hendi. Kjaramál grunnskólakennara eru í hnút og ófyrirséð hvernig þeim lyktir.

Framundan er óhjákvæmileg uppbygging á þjónustu við fatlað fólk og það er algert forgangsmál að hefja strax undirbúning að byggingu búsetuúrræða fyrir fatlað fólk. Flýta þarf áætlanagerð vegna þessa þannig að notendur þjónustunnar hafi sem gleggstar upplýsingar um það sem framundan er. Við bendum einnig á að óásættanlegur biðlisti er eftir félagslegum íbúðum og bæta þarf aðstöðu fyrir vaxandi hóp eldri borgara á Seltjarnarnesi. Framundan

eru viðamiklar og kostnaðarsamar framkvæmdir við íþróttamiðstöðina og bygging hjúkrunarheimilis er í pípunum. Allt eru þetta þættir sem geta haft afgerandi áhrif á rekstur sveitarfélagsins og því ljóst að halda þarf vel á spilunum.

Bókun Sjálfstæðismanna, meirihluta

Fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2017 hefur nú verið samþykkt. Þar er gert ráð fyrir að tekjur bæjarfélagsins verði tæpir 2,9 milljarðar króna og rekstrarafgangur verði 16 milljónir króna. Fjárhagsáætlun skal gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Bæjarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að bæjarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Fjárhagsáætlun var unnin á samráðsfundum meiri- og minnihluta og eru það vinnubrögð sem við Sjálfstæðismenn teljum farsæl fyrir

bæjarfélagið. Við teljum að markmið og áherslur um forgangsröðun í þágu barnafjölskyldna hafi náð fram að ganga í fjárhagsáætluninni.

Það er stefna bæjarstjórnar að leikskólagjöld á Seltjarnarnesi séu með þeim lægstu á höfuðborgarsvæðinu. Á liðnu ári lækkuðu leikskólagjöld á Seltjarnarnesi um 25% og var það gert til að koma til móts við barnafjölskyldur í bæjarfélaginu. Tímstundastyrkir voru einnig hækkaðir á liðnu ári en með hverju barni 6 – 18 ára eru greiddar kr. 50.000,- og niðurgreiðslur til foreldra með börn hjá dagforeldrum hafa einnig verið hækkaðar í samræmi við lækkuð leikskólagjalda.

Álagning fasteignagjalda í A-flokki verður 0,20% af matsverði íbúðarhúsnæðis og lóðar og álagningarprósenta útsvars verður langt undir hámarki eða 13,70%, en hámarkið er 14,52%.

Helstu framkvæmdir á næsta ári felast í byggingu 40 rýma hjúkrunarheimilis en búið er að samþykka tilboð í verkið fyrir tæpan 1,5 milljarð króna. Einnig stendur til að endurnýja og byggja við íþróttamiðstöð bæjarins þar sem aðstaða fimleikadeildar verður endurnýjuð.

Endurbætur og viðhald á stofnunum bæjarins hefur gengið vel eftir, og halda áfram á nýju ári. Undirbúningur fyrir gatnaframkvæmdir við Bygggarða eru í skoðun.

Skuldastaða sveitarfélagsins er með því lægsta er gerist á landinu og komið niður í 50%. Seltjarnarnesbær hefur staðið fyrir miklum framkvæmdum í bænum, framkvæmt hefur verið fyrir rúman milljarð á liðnum fjórum árum.

Fyrstu íbúðirnar afhentar í ársbyrjun

Fyrstu íbúðirnar í nýja fjölbýlishúsinu við Hrólfsskálamel 1 til 5 á horni Suðurstrandar og Nesvegjar verða afhentar í fyrstu viku janúar. Frægt var þegar 19 íbúðir af 34 sem eru í húsinu seldust á tveimur dögum. Íbúðirnar eru frá 74 fermetrum og upp í 220 fermetra og kosta frá 40 milljónum króna upp í tæpar 200 milljónir.

Margir kaupendur íbúðanna á Hrólfsskálamelnum eru eldri Seltirningar sem eru að flytja úr stórum einbýlishúsum á Nesinu og minnka við sig. Nú hefur hluti þessara kaupenda náð að selja eignir sínar og þarf að afhenda þær. Lögð verður áhersla á að afhenda fyrstu íbúðir til þeirra sem þannig stendur á. Því má búast við að grórir Seltirningar verði með þeim fyrstu sem flytja inn í húsið.



Hrólfsskálamelur 1 til 5.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í
FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnurnst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinsun á bil.



Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkjáþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílinn á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins virðukennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Bilþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bilþvott, djúphreinsun, bön ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / skilæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is





Cocoa Mint 2009 sólgleraugu kr. 12.900,-



Centro Style 56342 umgjörð kr. 16.800,-



CEBÉ sportgleraugu kr. 21.900,-



Centro Style 56212 umgjörð kr. 16.800,-



Red Bull 754-01 umgjörð kr. 37.300,-



Ray-Ban 1527-3573 barnaumgjörð kr. 19.875,-



Smith Wolcott sólgleraugu kr. 42.900,-



Centro Style 56040 barnaumgjörð kr. 13.800,-



Tommy Hilfiger 1123 umgjörð kr. 26.850,-



Ray-Ban 5228 umgjörð kr. 25.970,-



Boss 0085-003 umgjörð kr. 36.690,-



Red Bull Tane-004 sólgleraugu kr. 14.950,-

Ný gleraugu?

Eyesland gleraugnaverslun er nú loksins komin í nágrennið með mikið úrval af gæðagleraugum á góðu verði – og þú færð frábæra þjónustu.

Eyesland leggur metnað sinn í að bjóða viðskiptavinum sínum vandaðar vörur á góðu verði. Heimspekt vörumerki og fjölbreytt vöruval. Í boði eru allskonar gleraugu, leskleraugu sem og margskipt gleraugu, linsur, sólgleraugu, hjólagleraugu, hlaupagleraugu, skíðagleraugu, fjallagleraugu, veiðigleraugu með eða án styrks.

Hvort sem það er í vinnu eða heima við lestur, á fjöllum, á þeytingi eða í kyrrstöðu þá færðu gleraugu við hæfi hjá Eyesland.



Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Grandagarði 13.

Opið virka daga frá kl. 10-18 og 11-16 á laugardögum.

Ray-Ban

COCOA MINT

SMITH

TOMMY HILFIGER

Red Bull

BOSS
HUGO BOSS

CEBÉ

LOUIS MARCEL

bolle

E
YES
LAND

gleraugu

Jólabókaflóð á Nesinu

Seltirningar og nærsveitungar hafa ekki farið varhluta af jólabókavertíðinni en skipulögð dagskrá hefur verið í bókasafninu frá því um miðjan nóvember, sem miðar að því að kynna nýjustu bækurnar og höfunda þeirra.

Góð mæting hefur verið á viðburðina eins og myndirnar bera með sér. Þá var opnun í Gallerí Gróttu á verkum myndlistarmannsins Halldórs Ragnarssonar 8. desember og stendur sýning hans til 6. janúar.



Nailberry - himnasending fyrir heilsu & hátísku!

Hleypa í gegn raka og súrefni

NÝTT!!



www.systrasamlagid.is

JÓLABÆKURNAR KOMA FRÁ HÓLUM!

BOKAÚTGAFAFÉLAG
www.holabok.is • holar@holabok.is



Spannar flugsögu mannkyns frá upphafi með ágripi af flugsögu Íslands.



Einstakar endurminningar, sneisafullar af skemmtilegum atburðum og einstök frásögn af hinum eina og sanna Gústa guðsmanni.



Hver er maðurinn sem kom íslenska karlalandsliðinu svo hressilega á kortið að heimsbyggðin tók eftir? Einstök bók um einstakan knattspyrnuþjálfara, samstarf hans og Heimis og margt fleira.



Sagnameistarinn Sigurður Sigurðarson segir hér gamansögur af prestum, stjórnáráðmönnum, læknum, sjúklingum og skepnum.



Bráðskemmtilegar sögur af uppátækjum Héraðsmanna sem Jón Kristjánsson og Ragnar Ingi Aðalsteinsson hafa matreitt á snilldarlega hátt. Sannkallaðir gullmolar að austan!



Hér stígur hver snillingurinn á fætur öðrum fram í sviðsljósið og útkoman er sprenglægleg!

Suðurmýri

Hafin er bygging 16 minni íbúða

Hafist er handa við byggingu 16 íbúða í Suðurmýri á Seltjarnarnesi. Á byggingarsvæðinu stóð áður húsin Stóri Ás og Litli Ás en þau höfðu verið dæmt ónýt og aðeins til niðurrífs. Það er fyrirtækið Fag Bygg sem byggir fjögur ný hús á lóðum gömlu Áshúsanna og í allri hönnun er leitast við að fella þessar nýju byggingar sem best að ytra umhverfi svæðisins.

Nú þegar hefur verið hafist handa við jarðvinnu en stór klöpp er þarna í mýrinni sem þarf að fleyga niður. Þorvarður Gísli Guðmundsson framkvæmdastjóri Fag Bygg segir í gamansömum tón að þeir hafi fundið eina fjallið í mýrinni en tilvist klapparinnar skýri trúlega að þarna hafi verið byggð tvö hús sem stóðu nokkuð utan annarrar byggðar. Þau hafi einfaldlega verið reist á klöpp inn í miðri mýri. Íbúðirnar sem Fag Bygg ætlar að reisa á klöppinni í Suðurmýrinni eru af minni gerðinni. „Við ætlum að mæta þeirri þörf sem er fyrir minni íbúðir. Þessar íbúðir verða í stærðum frá 50 til 90 fermetrar, tveggja til fjögurra herbergja og geta bæði hentað fyrir yngra fólk sem ef til vill er að festa sér sína fyrstu eign og ekkert síður eldra fólk sem er að leita eftir að fá sér minna húsnæði. Við höfum einnig reynt að fella þessar húsbyggingar eins vel inn í umhverfið í Suðurmýrinni og okkur hefur reynt unnt. Við



Tölvuteikning af fyrirhuguðum húsum sem eiga að rísa við Suðurmýri.

skiptum þessu niður í fjögur tveggja hæða hús sem eru töluvert lægri en gamli Stóri Ás var og höfum gætt þess að hafa góð opin rými á milli. Við höfum einnig reynt eftir fremsta megni að aðlaga þetta nýja byggingaumhverfi að götumyndinni við Nesveginn. Það er arkitektastofan ASK Arkitektar sem hannar þessar byggingar og arkitektarnir eru vel meðvitaðir um að þetta er á viðkvæmu svæði

bæði hvað stærð og útlit bygginga varðar. Þá þarf einnig að huga að nánasta umhverfi og gönguleiðum,“ segir Þorvarður. Ólafur Finnbogason hjá Mikluborg sem annast mun sölu íbúðanna segir að afhending þessara íbúða ætti að geta hafist um eða upp úr áramótunum 2017 til 2018 eða að rúmi ári liðnu og að söluferli muni hefjast á næsta ári.

LÍKLEGA BESTI HOLLI SKYNDIBITINN Á ÍSLANDI

100% NÆRING  100% HOLLUSTA



XO

FUN · FAST · FUSION



FINNIÐ OKKUR
Á FACEBOOK UNDIR
XO VEITINGASTAÐUR

JL HÚSINU - HRINGBRAUT 119 - XOFOD.IS

Wake me up before you go go

- á 1. des Valhúsaskóla

Hin árlega 1. des skemmtun var haldin í félagsheimilinu þar sem 10. bekkur í Valhúsaskóla setti upp söngleikinn Wake me up before you go go sem Sunna María og Gissur starfsmenn Selsins leikstýrðu.

Sýningin sló í gegn hjá viðstöddum enn ekki var minna fjör þegar börnin buðu foreldrum sínum upp í dans undir stjórn Mettu og Hrundar, börn og foreldrar dönsuðu svo fram að miðnætti.



SELTJARNARNESBÆR

KJÖR ÍPRÓTTAMANNS OG KONU SELTJARNARNESS 2016 FER FRAM ÞRIÐJUDAGINN 17. JANÚAR 2017 Í FÉLAGSHEIMILI SELTJARNARNESS KL. 17:00

Öllum bæjarbúum á Seltjarnarnesi er boðið að koma og fylgjast með kjörinu.

ÍTS óskar eftir ábendingum frá íbúum á Seltjarnarnesi um íþróttamann eða konu sem sýnt hefur framúrskarandi árangur í íþróttagrein sem fellur undir starfsemi Íþrótt- og ólympíusambands Íslands. Það er síðan í höndum fulltrúa Íþrótt- og tómstundanefndar að ákveða hverjir það eru sem hljóta tilnefningar.

Upplýsingar um þann sem er tilnefndur til Íþróttamanns Seltjarnarness þurfa að vera ítarlegar og það helsta sem þarf að koma fram er:

- Nafn, kennitala, heimili og sími.
- Hversu lengi viðkomandi hefur stundað íþróttina/ir.
- Ástundun og hversu mikið er æft.
- Titlar eða árangur.
- Félaglega hliðin.
- Annað sem þið viljið koma á framfæri.

Athuga að aðeins þeir sem eiga lögheimili á Seltjarnarnesi eiga möguleika á að vera tilnefndir, óháð hvar íþróttin er stunduð.

Allar upplýsingar eða ábendingar skulu berast á tölvupóstfangið haukur@seltjarnarnes.is fyrir 5. janúar 2017.



KEA HANGIKJÖT

Bragðið sem býr til jólin ... ár eftir ár.

Það er ýmislegt sem breytist með tímanum en KEA hangikjöt hefur verið ómissandi á jólaborðum Íslendinga í fjöldamörg ár. Það er taðreykt og verkað samkvæmt aldagömlum hefðum sem tryggja framúrskarandi bragð og gæði.

NORÐJENSKA

Hrakfallasaga lækningaminjasafnsins á Seltjarnarnesi



Vestast á Seltjarnarnesi stendur bygging sem líkist mjög rammbyggðu varnarmannvirki eins og þau voru m.a. á ströndum Frakklands í síðari heimsstyrjöldinni, þegar Þýskaland Hitlers bjó sig undir innrás bandamanna í seinni heimsstyrjöldinni.

Þetta er nýbygging fyrir rekstur Lækningaminjasafns Íslands, sem aldrei varð af og verður ekki af.

Þetta fyrr um samstarfsverkefni fjölmargra aðila, að frumkvæði Seltjarnarnesbæjar, auk ríkis og nokkurra félaga og stofnana, var og er enn mikil hrakfallasaga, sem einkennst hefur af mörgum óvönduðum og óljósum vinnubrögðum, óskýrum fjárhagsáætlunum og fálkennendum vinnubrögðum á nánast öllum sviðum.

Upphafleg kostnaðaráætlun við

byggingu hússins var 354 m.kr. en endaði í u.þ.b. 700 m.kr.

Í dag er þetta mannvirki umkomulaust, Seltjarnarnesbær, sem átti frumkvæði að þessu öllu saman hefur sagt sig frá verkefninu og enginn hefur áhuga á því að nýta þetta húsnæði undir aðra starfsemi, enda nánast vonlaust miðað við umgjörð og innra skipulag hússins.

Þetta hús tekur ekkert mið af sínu nánasta umhverfi og þeim sem sjá þetta húsnæði í dag bregður í brún, ekki síst öldnum ferðamönnum frá Þýskalandi og Frakklandi.

Lesi má nánar um málið í skýrslu Ríkisendurskoðunar (google.is Lækningaminjasafn Íslands)

Áhugamaður um Vestursvæðin.



Hágæða almennings­samgöngur

- Seltjarnarnes með í að innleiða þær

Bæjarráð Seltjarnarnesbæjar hefur samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að tillaga SSH um aðild að undirbúningi við innleiðingu hágæða almennings­samgangna á höfuðborgarsvæðinu verði samþykkt, enda verði samkomulagið samþykkt í öllum aðildarsveitarfélögum SSH.

Er bæjarstjóra falið að undirrita samkomulagið fyrir hönd Seltjarnarnesbæjar. Tillaga að samkomulagi aðildarsveitarfélaga SSH um undirbúning að innleiðingunni var lögð fram á fundi samtakanna í síðasta mánuði. Kostnaðaráætlun

vegna vinnu við fyrsta áfanga við mótnun verkefnisins, fram til maíloka 2017, nemur kr. 589.627.- Bæjarráð vill enn fremur árétta mikilvægi þess að ríkisvaldið komi að eflingu almennings­samgangna á höfuðborgarsvæðinu með aðkomu að uppbyggingu Borgarlínu.

NES FRÉTTIR

Óskum Seltirningum
gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári



Það er einfalt að flokka plastumbúðir á Seltjarnarnesi

Pokar fyrir plastumbúðir fást íbúum að kostnaðarlausu í íþróttamiðstöðinni



1 Skolið umbúðir svo ekki komi ólykt við geymslu



2 Staflað þeim saman svo þær taki minna pláss

3 Setjið umbúðirnar í pokann og bindið fyrir þegar hann er fullur



4 Setjið pokann í gráu tunnuna fyrir almennt sorp



Við flokkum pokana svo frá öðrum heimilisúrgangi í móttökustöð SORPU og komum plastinu í endurvinnslu

Nýjustu fréttir af verkefninu má finna á facebook.com/plastsofnun

SORPA

Ný lög um heimagistingu taka gildi um áramótin

Bæjarstjórn Seltjarnarness vill benda íbúum á nýja löggjöf um heimagistingu sem tekur gildi 1. janúar 2017. Í henni kemur fram að einstaklingum verður heimilt að leigja út heimili sitt og aðra fasteign sem hann/hún hefur til persónulegra nota í allt að 90 daga á ári án þess þurfa að sækja um rekstrarleyfi.

Helstu markmiðin með nýrri löggjöf eru að bregðast við þróun í gistiframboði hér á landi og jafnframt að bregðast við miklum fjölda leyfislausrar gistingar. Þá eru í lögnum skýrð betur mörkin milli gististarfsemi í atvinnuskyni og tímabundinnar leigu af hálfu einstaklinga gegnum deiliahagkerfið. Þetta kemur fram í frétt á vefsvæði Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Betri yfirsýn

Áhrif breytinganna munu sjást, meðal annars, í betri yfirsýn um gistiframboð, bættri skráningu og skilum skatttekna af gististarfsemi og einfaldara regluverki fyrir rekstrarleyfi.

Í nýju löggjöfinni eru flokkar gististaða og mörk þeirra á milli skýrð nánar.

Í fyrsta lagi eru gististaðir skilgreindir sem staðir þar sem boðin er gisting til að hámarki 30 daga samfleytt í senn til sama aðila. Gisting til lengri tíma en 30 daga fellur þá



undir húsaleigulög, nr. 36/1994.

Þá er gistiflokkur heimagistingar breytt þannig að hann nái til einstaklinga sem hyggjast leigja út lögheimili sitt og/eða eina aðra fasteign í sinni eigu sem viðkomandi nýtir persónulega. Heimilt verður að leigja út viðkomandi eignir samanlagt í allt að 90 daga á ári hverju eða þar til viðkomandi nær leigutekjum sem nema brúttó 2 milljónum króna.

Rétt er að taka fram að samhliða hefur verið samþykkt breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Þar er veltumörkum skattskyldu og fjárhæðarmörkum uppgjörstímabíla breytt á þann hátt að skylda til að innheimta virðisaukaskatt hefjist þegar tekjur ná 2.000.000 kr. í stað 1.000.000 kr. í dag.

Þurfa að sækja um nýtt leyfi

Að auki felst í frumvarpinu að einstaklingar sem ætla að bjóða upp á heimagistingu skv. nýrri skilgreiningu þurfi að skrá sig á vef sýslumanna og staðfesta að þeir uppfylli ákveðna kröfur um brunavarnir, ástand og samþykkt eignar sem íbúðarhúsnæðis. Fyrir skráningu verður greitt árgjald, 8000 kr. Þetta er ætlað til að einfalda og bæta eftirlit með leyfislausri starfssemi.

Einstaklingar sem skrá sig þurfa enn fremur að skila sýslumanni árlega nýtingaryfirliti og/eða tekjuyfirliti ásamt því að fá úthlutað skráningarnúmeri sem ber að birta og nota í allri markaðssetningu og eins ber að merkja viðkomandi húsnæði með númerinu.

Hvað varðar þá aðila sem eru í dag skráðir með rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki I, heimagisting, þá munu þeir halda leyfi sínu út gildistíma þess. Að loknum gildistíma þarf að sækja um nýtt leyfi og þá mögulega í flokki II ef rekstur uppfyllir ekki lengur skilyrði flokks I um tímalengd.

Að auki verður skilgreind ný tegund gistiheimila innan flokks II sem tekur, meðal annars, til þeirra aðila sem hafa rekið heimagistingu samkvæmt eldri skilgreiningu.

Lager og sýnishornasala

Austurströnd 4 (hliðina á bæjarskrifstofunum)

Fimmtud. 15. des kl. 17.00 – 21.00.

Föstud. 16. des kl. 14.00 – 18.00.

Laugard. 17. og Sunnud. 18. des kl. 11.00 – 16.00.

Allar vörur á 50-70% afslætti

Dæmi um frábær verð

Brooks hlaupajakkar frá **kr. 5000** (17.990) **70% afsl.**

Brooks hlaupaskór frá **kr. 10.000** (22.990-27.990) **50-70 % afsl.**

Jaco stuttbuxur **kr. 2500** (12.490) **80% afsl.**

Virus og 2XU restar á **50% afsl.** (Compression fatnaður)

Restar af Nike og Adidas fótoltaskóm **kr. 4000** (14.990) **70 % afsl.**

Barna íþróttaskór **kr. 1500** (5990) **75% afsláttur**

Ýmislegt fleira á frábæru verði

Þetta er eitthvað sem þú mátt bara alls ekki missa af!!



Seltjarnarnes er glæsilegt byggðarlag

Ólafur Ísleifsson hagfræðingur flutti á Seltjarnarnes fyrir tveimur árum. Hann kveðst þó hafa meiri tengsl við nesið en þessu nemur því móðir hans hafi búið rúma þrjá áratugi á Nesinu. Hann hafi komið þangað reglulega í gegnum árin og fylgst með mönnum og málefnum auk þess að njóta einstakrar náttúru svæðisins eins og hann kemst að orði. Ólafur hóf spjallið við tíðindamann á því að ganga út að stofuglugganum á heimili sínu við Melabrautina og sýna honum útsýnið. Móðir mín hafði oft orð á hvað hún var ánægð hér á Seltjarnarnesi. Hún var Eyjakona og naut þess að geta horft út á hafið eins og hún var vön úr æsku sinni og uppvexti í Vestmannaeyjum. Ég hef því átt erindi hingað út eftir allan þann tíma sem móðir mín bjó hér og tel mig því hafa fylgst nokkuð vel með þótt ég þykist ekki eiga tilkall til þess að kalla mig Seltirning,“ heldur Ólafur áfram þegar hann hefur sótt bolla af sérstöku gæðakaffi í eldhúsið og tíðindamaður ekki staðist tilboð um lög af rjóma út í bollann.

Þegar ég kom hingað var eitt fyrsta verk mitt að láta í samráði við nágretta fjarlægja hávaxin tré í garðinum og voru tekin að bygja útsýnið verulega. Ég hef verið að velta fyrir mér að undanfögnu hvort ekki sé verið að bygja um of fyrir útsýni hér á Seltjarnarnesi bæði út á hafið og líka fyrir sýn á frábæra náttúru með of miklum og hávöxnum gróðri. Hvort ekki þurfi að grisja mun meira en gert hefur verið og hvort bæjaryfirvöld gætu átt hlutverki að gegna í því efni. Hvað sem um trjágróðurinn má segja þá getur hann vaxið manninum yfir höfuð og spurning er um hvort sá tími sé ekki runninn upp á Seltjarnarnesi.“

Vestmannaeyingur í báðar ættir

„Ef ég á að greina frá uppruna mínum þá er ég Vestmanneyingur að því leyti að foreldrar mínir voru bæði fædd og uppalin í Vestmannaeyjum en ég á ættir víða um land. Faðir minn var Ísleifur A. Pálsson



Dr. Ólafur Ísleifsson.

Ljós. Ingólfur Júlíusson.

frankvæmdastjóri og móðir mín Ágústa Jóhannsdóttir átti ættlegg í Vestmannaeyjum svo langt sem kirkjubækur ná. Feður þeirra voru báðir kaupmenn og útvegsmenn í Vestmannaeyjum. Afi minn í föðurætt var Páll Oddgeirsson sonur séra Oddgeirs Guðmundsen, hins síðasta gömlu Eyjaprestanna, en móðir hans var Jóhanna Andrea, ein af Knudsenssysturum í Landakoti. Eftir því sem Páll Valsson bókmenntafræðingur heldur fram var systir hennar Kristjana Dóróthea stóra ástin í lífi Jónasar Hallgrímssonar. Móðir Páls Oddgeirssonar föðurafa míns var Anna Guðmundsdóttir prests í Arnarbæli Einarssonar en hann var bræðrungr við Jón Sigurðsson og systir hans var Ingibjörg eiginkona Jóns forseta. Föðuramma mín Matthildur Ísleifsdóttir var frá Kirkjubæ í Vestmannaeyjum en móðuramma mín Magnea Dagmar Þórðardóttir var fædd í Reykjavík. Hún fluttist til Eyja um 1918 til þess að starfa á simstöðinni þar. Talsímakonur voru með fyrstu kvennastéttunum hér á landi þar sem konur gátu sjálfar unnið fyrir sér. Hún kynntist í Eyjum Jóhanni Þ. Jósefssyni afa mínum og áttu þau glæsilegt heimili í Vestmannaeyjum. Fagurlyst hét húsið og

stóð við Urðastíg en sá bæjarhluti fór undir hraun í gosinu 1973. Þau fluttu 1935 til Reykjavíkur og bjuggu á Bergstaðastræti 86 á mótum Bergstaðastrætis og Barónsstígs þar sem amma bjó nærfellt hálfa öld en afi minn féll frá 1961. Sjálfur átti ég eftir að búa í því húsi í 30 ár.“

Valdi ritgerðarefni um Sigurð Nordal

„Sjálfur er fæddur í Reykjavík og ólst upp á Kvisthaga 4. Bernsku- og ungdomsárin voru gleðirík og skólaga-gangan hefðbundin. Ég gekk í Melaskólann, síðan Hagaskóla Íslands og því næst í MR. Ég hafði frábæra kennara alla mína skólagöngu. Í Melaskólanum Dagnýju G. Albertsson sem var afburða kennari og í MR Jón S. Guðmundsson íslenskukennara svo einhverjir séu nefndir. Jón setti okkur fyrir sem ritgerðarefni að skrifa um nýttkomna bók og við áttum sjálf að velja. Ég valdi bók Sigurðar Nordal um Snorra Sturluson. Það átti við Jón S. Guðmundsson.“

Kristnihald undir jökli

„Ef við víkjum að næstu kynslóð þá á ég á einkason með fyrrum eiginkonu minni Dögg Pálsdóttur lögfræðingi. Hann heitir Páll Ágúst

Ólafsson og nam á sínum tíma lögfræði og lauk meistaraþrófi í henni. Með honum hafði lengi blundað áhugi á guðfræði sem endaði með að hann tók hana á eftir lögfræðinni. Ég hygg hann sé eini núlifandi Íslendingurinn sem lokið hefur embættisþrófum í lögfræði og guðfræði. Hann er sóknarprestur í Staðastaðarprestakalli vestur á Snæfellsnesi. Hann á fjögur börn með konu sinni Karen Lind Ólafsdóttur guðfræðingi. Barnabörnin eru yndisleg og ég nýt afahlutverksins. Enda þótt við Dögg höfum slítið hjúskap okkar höldum við góðri vináttu og ræktum upprennandi kynslóð. Og fyrst ég er kominn vestur á Snæfellsnes er ekki úr vegi að minnast á Kristnihald undir jökli sem af sumum kunnáttumönnum er talin með bestu bókum Halldórs Laxness ef ekki sú besta. Ég hef fyrir venju að lesa Kristnihaldið á hverju ári og byrja alltaf á því sama daginn 11. maí því það er dagurinn sem sem för Umba til að rannsaka kristnihald undir jökli hefst. Annars hef ég mikla ánægju af ferðum um landið og að dveljast í sumarbústað í góðum félagsskap. Til að styrkja þekkingu á jarðfræði og náttúrufræði skræði ég mig í leiðsögunám í Endurmenntun HÍ.“

Of mikil samþjöppun að hafa einn lífeyrissjóð

„Ef þú spyrð hvort hagfræðin hafi ekki komið í beinu framhaldi af stúdentsprófinu þá er ekki svo. Ég lauk prófi í stærðfræði frá Háskóla Íslands en hélt eftir það til Bretlands til náms við London School of Economics, LSE. Námsdvölin í Lundúnum var eftirminnileg enda sögulegir tímar í Bretlandi með innreið frú Margrétar Thatcher eftir vantraust á ríkisstjórn Verkamannaflokksins undir forystu James Callaghans og býsnaveturinn 1979 sem með vísun í verk Shakespeares hefur verið kallaður the winter of discontent eða vetur rauna minna í þýðingu Helga Hálfðanarsonar. Tveir kennara minna í LSE hafa hlotið nóbelsverðlaun í hagfræði og þriðji kennarinn Janet Yellen er aðalbankastjóri bandaríska seðlabankans, fyrsta konan til að gegna því embætti. Hún er reyndar eiginkona annars nóbelsverðlaunahafanna tveggja, George Akerlöfs, en þau skiptu með sér þjóðhagfræðinni í meistaranáminu í LSE.

Doktorsritgerð um íslenska lífeyrissjóð

Við nokkrir skólabræður úr LSE höfum haldið hópinn með því að hittast á hverjum föstudegi í hádeginu til að taka púlsinn á málefnum líðandi stundar. Síðar sneri ég mér aftur að námi og skrifaði doktorsritgerð um íslenska lífeyrissjóðina. „Spurður um hvort sameina eigi lífeyrissjóðina jafnvel í einn kveður Ólafur nei við því. „Ég tel að með því að sameina alla lífeyrissjóði landsmanna safnist of mikið peningalegt vald á of fáar hendur. Slíkur lífeyrissjóður yrði berskjaldaður fyrir ásælni stjórn- mála- og fjármálafla. Ég tel því heppilegra að hafa fleiri sjóði og að heilbrigð samkeppni ríki milli þeirra. Svo sterkt fjármálavald sem fylgir eignum og umsvifum lífeyrissjóðanna kallar á að nauðsynlega dreifingu á nokkra sjóði af hæfilegri stærð.

Úr bankamálum í háskólakennslu

Eftir námið við London School of Economics hófst starfsferillinn. „Já – hann hófst í Þjóðhagsstofnun og þaðan fór ég yfir í Seðlabankann þegar Geir Haarde hvarf þaðan frá störfum til þess að gerast aðstoðar- maður Alberts Guðmundssonar fjármálaráðherra og ég var ráðinn í hans stað með samþykki Jóhan- nesar Nordal. Síðan var ég sendur á vegum bankans vestur haf um tveggja ára skeið – til starfa hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Rétt í þann mund sem ég sneri heim

aftur bauð Þorsteinn Pálsson mér starf efnahagsráðgjafa en ríkis- stjórn hans féll eftir aðeins 14 mánuði. Þetta var skammur tími en viðburðaríkur. Síðar fór ég aftur til starfa hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og þá sem stjórnarmaður í sjóðnum fyrir hönd Norðurlanda og Eystra- saltsríkja. Í Seðlabankanum var ég yfir alþjóðasviði bankans og hafði þá með höndum lánsfjáröflun fyrir ríkissjóð á erlendum mörkuðum. Í störfum mínum í Seðlabankanum átti ég samskipti við helstu fjár- málafólk í London, Frankfurt, New York og víðar. Ég þekkti einnig til starfa matsfyrirtækjanna og bar ábyrgð á samskiptum Seðlabankans við þau. Öll þessi reynsla og tengsl ollu því að þegar hrúnið skall á 2008 og yfirskygðði alla umræðu í landinu var mikið leitað til mín bæði af inn- lendum og erlendum fjölmiðlum að fjalla um þá óvenjulegu stöðu sem komin var upp og ræða hana af efnahagslegum sjónarhóli. Ég sogaðist þannig í fjölmiðlaumræðuna. Ég mætti til dæmis vikulega í bítið á Bylgjunni í fimm ár ásamt nafna mínum Ólafi Arnarsyni nýkjörnum formanni Neytendasamtakanna. Við höfum einnig verið á Útvarpi Sögu hvor um sig eða saman og við nafnar vorum með þjóðmálalátt á Hringbraut sem nýflutt er á Nesið. Einnig hef ég verið tekinn tali af fjölmörgum innlendum og erlendum fjölmiðlum og jafn ólíkum og Sky News og Al Jazeera. Eftir tímann í Seðlabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum lá leiðin í háskólakennslu. Ég kenndi við Háskólann í Reykjavík um tíu ára skeið og ég hef einnig kennt við Háskóla Íslands og Tækniskólann. Ég starfa nú sem kennari við Háskólann á Bifröst og er auk þess gæðastjóri skólans.“

Umbótahugmyndir vöknudum um 1950

„Já – ég á á vissan hátt pólitískar rætur. Móðurafi minn Jóhann Þ. Jósefsson var lengi þingmaður Vestmannaeyja og ráðherra í ríkisstjórn- num. Fyrst var hann fjármála- og atvinnumálaráðherra í ríkisstjórn Stefáns Jóhanns Stefánssonar sem mynduð var 1947 og var kölluð Stefanía í höfuð á forsætisráðherranum Stefáni Jóhanni Stefánssyni og síðan atvinnumálaráðherra í minnihlutastjórn Sjálfstæðisflokksins 1950 undir forystu Ólafs Thors sem er eina ríkisstjórnin í lýðveldis- sögunni sem felld hefur verið með vantrausti á Alþingi.“ Og Ólafur lítur aðeins til baka í sögunni. „Þegar þessi minnihlutastjórn féll höfðu verið undirbúnar efnahagsaðgerðir sem komu ekki til framkvæmda fyrir en áratug síðar þegar Viðreis- nar-stjórnin kom til valda. Þannig var að þegar Bjarni Benediktsson eldri fór vestur um haf árið 1949 til að sækja stofnfund Atlantshafs- bandalagsins í Washington DC kynntist hann ungum hagfræðingi sem þá starfaði hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Sá var Benjamín H. J. Eiríksson sem var hámenntaður hagfræðingur og víðlesinn og þekkti vel til alþjóðamála. Bjarni virðist hafa hrifist af þekkingu Benjámins og leiftrandi greind sem varð til þess að Benjamín og Ólafur Björnsson sem lengi var prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands og alþingis- maður um tíma voru fengnir af minnihlutastjórn Ólafs til að vinna að tillögum um lausn á efnahags- vanda sem aðkallandi var um miðja öldina. Þótt farið væri að huga að þessum tillögum gekk á ýmsu bæði í efnahagsmálunum og landsmálu-

num almennt næstu árin. Af ýmsum ástæðum varð því dráttur á að hugmyndir dr. Benjámins og Ólafs næðu fram að ganga og það var ekki fyrr en upp úr 1960 að ríkisstjórn Ólafs Thors Viðreisnarstjórnin sem síðar laut forystu Bjarna Benedikts- sonar tók áþekkar hugmyndir fram í samvinnu við Alþýðuflokkinn.“

Seltjarnarnes er glæsilegt búsvæði

Ólafur gengur aftur út að stofuglugganum og lítur yfir Suðurnesið og hafið. Stendur í sömu sporum og hann segir möður sína oft hafa staðið. „Hún var alsæl hér,“ segir hann eins og hann væri að ræða við sjálfan sig. Víkur svo aftur að trjágróðrinum sem tekinn er að spilla útsýni. „Ég er ekki frá því að eitthvað af barrtrjám hér á Nesinu séu sýkt enda dökk ásýndum. Eins og móðir mín nýt ég þess að búa á Seltjarnarnesi. Og það er ekki bara útsýnið sem heillar. Hér er líka löng saga að baki. Saga útvegsmennskunnar. Saga lækninga sem á sér merka sögu hér í þessu bæjarfélagi. Nesstofa er eitt af steinhúsum gömlu á Íslandi frá 18. öld og trúlega það þessara merku húsa sem næst er upprunalegri mynd. Gróttuviti er líka einstaklega fallett mannvirki. Og svo er það náttúran, fegurð umhverfisins, fjallasýnin og sjórin. Ég hef gengið talsvert um nesið og hef séð hér á annan tug andategunda auk fjölda annarra tegunda í hinu fjölbreytta fuglalífi sem einkennir þetta svæði. Seltjarnarnes er glæsilegt byggðarlag hvert sem lítið er.“



Borðið í desember

Jólaplatti Borðsins

- Grafinn sjóurríði -
rauðrófa greni piparrót
- Paté að hætti Borðsins -
brioche brauð bláber heslihnetur
- Villt gæs og reykt grisasiða -
jólakryddaður gljái nipa rauðkál
- Hvítsúkkulaðimús -
pera dulce de leche appelsína möndlukaka

BORÐIÐ
ægislóu 123 • 107 reykjavík
www.borid.is

Nýr forstöðumaður á Sæbraut

Ásrún Jónsdóttir þroskajálfi hefur verið ráðin forstöðumaður á Sæbraut 2 sem er búsetukjarni fyrir fatlað fólk. Ásrún er þroskajálfi að mennt með mikla reynslu af starfi með fötluðum.

Seltjarnarnesbær tekur við rekstri Sæbrautarheimilisins um áramótin og mun þá taka alveg við þjónustu við fatlað fólk en samstarf hefur verið við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar um þessa þjónustu frá ársbyrjun 2011 er hún færðist frá ríki yfir til sveitarfélaganna. Ásrún kemur til starfa í desember.



Ásrún Jónsdóttir.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin

Starfsfólk

Hársnyrtistofunnar Permu



HÁRSNYRTISTOFA

EÐISTORGI 13 - 15

SÍMAR: 561 1160 OG 561 1162

Þessi mælir með NOKIAN stígvélum í jólapakkann



STÍGVÉLABÚÐIN

NOKIAN

FOOTWEAR

Álfabakka 14a í Mjódd
109 Reykjavík • Sími: 527 1519
www.facebook.com/nokianstigvelabudin

Áttfalt byggingarmagn á leikskólalóðum

Nýtt aðalskipulag - kartafla í skóinn frá bæjarstjórn

Nú, í aðdraganda jóla, kynna bæjar-yfirvöld Seltjarnarness nýja tillögu að aðalskipulagi bæjarins. Það er mikilvægt að Seltirningar láti sig málið varða, en frestur til að skila inn athugasemdum rennur út þann 31. desember n.k.

Í tillögunni felast miklar breytingar frá fyrri skipulagsáformum sem hafa bein áhrif á hagsmuni íbúa bæjarins. Í skóggjöf bæjarstjórnar er gert ráð fyrir því að leikskólar bæjarins, sem

eru um 1300 fermetrar, víki fyrir mjög háum byggingum sem hægt er að gera ráð fyrir að verði í ætt við hina nýju, brúnu blokk sem verði er að leggja lokahönd á við gatnamót Suðurstrandar og Nesvegs. Í aðalskipulagstillögunni felst m.a. að byggingarreitir á horni Nesvegar og Suðurstrandar, s.k. ráðhúsreitir, verði stækkaðir til suðurs, honum öllum breytt í miðbæjarsvæði úr svæði fyrir þjónustustofnanir fyrir bæjarbúa. Skv. þessu nýja skipulagi verður leyfilegt að byggja þar allt að 11 þús. m² af byggingum á 11 þús. m² lóð. Til samanburðar má nefna að öll þrjú húsin við Hrólfsskálamel, þar með talið það hús sem nýjast er í bænum og stendur við Hrólfsskálamel 1-5 (6 hæðir – sjá mynd), eru 12 þús. m² á 17 þús. m² lóð.

Til þess að þetta megi verða þarf að fjarlægja báða leikskóla bæjarins, sem eru einstaklega vel í sveit settir með tilliti til aðgengis og umferðar. Lega þeirra veldur mun minna álagi á gatnakerfi bæjarins en ef þeir væru utar á Nesinu og úr leið fyrir flesta íbúa. Ekki liggur fyrir hvar leikskólarnir eigi að vera ná þessar breytingar fram að ganga og er það umhugsunarefni fyrir alla sem bera hag barnafjölskyldna nútíðar og framtíðar fyrir brjósti.

Í skipulagðri og gróinni byggð verða íbúar að geta treyst því að ekki verði ráðist í breytingar á umhverfi og skipulagi nema rík þörf sé á og almannahagsmunir krefjist. Íbúar á og í kringum umrætt svæði hafa og miklar áhyggjur af því að breytt nýting á leikskólalóðunum muni leiða til misspennandi starfsemi þar.

Allir íbúar Seltjarnarness eru hvattir til þess að kynna sér framlagða aðalskipulagstillögu og lesa milli línanna þar sem ástæða er til. Til dæmis ættu íbúar við Austurströnd að skoða sérstaklega mikla aukningu á byggingarmagni fyrir framan íbúðirnar þeirra. Því til stuðnings má benda á vinningstillögu fyrir nýjan miðbæ sem sjá má á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar – en þar kemur skýrt fram hvernig vinningstillagan endurspeglast í aðalskipulagstillögunni. Íbúar við Sæbraut og Sólbraut eru vísast lítt hrifnir af því að fá stórhýsi á borð við það sem nú rís við gatnamót Nesvegar og Suðurstrandar í bakgarðinn og eru því hvattir til þess að skoða tillöguna m.t.t. þess.

Að þessu sögðu skorum við á bæjarstjórn Seltjarnarness að breyta umræddum drögum að nýju aðalskipulagi þannig að á suðurhorni Nesvegar og Suðurstrandar, ráðhúsreit, verði gert ráð fyrir allt að þriggja hæða byggingum þar sem landið er lægst á lóðinni og að nýtingarhlutfall á leikskólalóðum verði allt að 0,4 (u.þ.b. 2 þús. m² í viðbót) og hæð bygginga verði að hámarki ein hæð með lágreistu risi.

Að öðrum kosti getum við litið á aðalskipulagið sem óumbeðna jólagjöf bæjarstjórnar til íbúa Seltjarnarness þar sem innihaldið kemur ekki í ljós fyrir en framkvæmdir eru þegar hafnar.

Sporin hræða.

Stjórn húsfélags
Hrólfsskálamels 10-18



Hrólfsskálamelur 1-5, sporin hræða.



DESEMBERTILBOÐ

..... út allan mánuðinn

PÚ PANTAR 17" PIZZU

..... af matsæðli og færð

EINA 12" OSTAPIZZU

FRÍTT



Við sendum heim!

SÍMINN ER

5.14.14.14

TAKE AWAY
VEITINGASTAÐUR



HRINGBRAUT 119 (JL HÚSIÐ), 101 REYKJAVÍK
NÁÐU Í APPIÐ Á WWW.SBARRO.IS

KRAFTVIKLIR KAPPAR



Kapparnir okkar hafa aldrei verið glæsilegri og fjölbreyttari.
Þú finnur örugglega kappatertu við þitt hæfi.



Notum alltaf flugeldagleraugu,
þaði börn og fullorðnir



Pegar hátíð fer í hönd

- eftir dr. Gunnlaug A. Jónsson prófessor

„Pegar hátíð fer í hönd búa menn sig undir hana hver á sína vísu.“ Á þeim orðum hefst hin kunna og vinsæla skáldsaga Aðventa eftir Gunnar Gunnarsson (1889-1975) sem fyrst kom út á þýsku 1936 en hefur síðan verið þýdd á mikinn fjölda tungumála. Benedikt, aðalpersóna sögunnar, hafði þann hátt á sínum hátíðarundirbúningi að fara upp á fjöll og finndi í leit að eftirlegukindum.

Ein af aðventuhefðum mínum hefur um 35 ára skeið verið að lesa sögu Gunnars og svo er um fjölmarga aðra, víðs vegar um heim. Trúarleg stef í þessari stuttu skáldsögu eru fyrirferðarmikil og það segir sína sögu að titillinn á ensku þýðingu hennar er The Good Sheperd – Góði hirðirinn. Það vill svo til að efni Aðventu fellur mjög vel að biblíulestrum þessa hluta kirkjuársins, en í einum þeirra segir: „Eins og hirðir mun hann halda hjörð sinni til haga, taka unglömbin í faðm sér og bera þau í fangi sínu en leiða mæðurnar“ (Jes 40.11).

Sjálfur líkti Jesús sér við hinn góða hirði í þekktum ummælum Jóhannesarguðspjalls. Og í vinsælasta sálmi Gamla testamentisins er Drottinn sjálfur nefndur hirðir: „Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta“ (Slm 23). Og eitt aðventukertanna, það þriðja í röðinni, nefnist hirðakertið, í minningu fjárhirðanna á Betlehemsvöllum sem fyrstir tóku á móti fagnaðarboðskapnum um fæðingu frelsarans. Þannig að stefið hirðir og hjörð er eitt af grundvallarstefjum Biblíunnar og það sama á við um Aðventu Gunnars Gunnarssonar, þess mikla stílista sem

hafði „öræfin í blóði sínu“ eins og komist hefur verið að orði.

Þó menn lesi Aðventu vitaskuld hver af sínum sjónarhóli verður ekki framhjá því litið að hið trúarlega efni hennar er snar þáttur í frásögninni. Vel má líta á söguna af Benedikt og félögum hans, hundinum og hrútnum, sem kristna dæmisögu, um breytni eftir Kristi, að feta í fótspor hans. „Það sem fyrir honum vakti var blátt áfram ekkert annað en það en að finna þær og koma þeim heilu og höldnu undir þak, áður en hátíðin mikla breiddi helgi sína yfir jörðina og fyllti friði og velþóknun hugi þeirra manna, sem gert hafa getu sína.“

Upplagt er að taka sér Biblíu í hönd á þessum árstíma og hugleiða gildi hinnar kristnu trúar. Þar er Aðventa Gunnars líka góður vegvísir, þar sem áherslan hvílir á þjónustu við aðra, umhyggju fyrir dýrum þ.m.t. og þeirri ákvörðun að láta gott af sér leiða. Þjónusta ofar eigin hag, eða náungakærleika á máli Biblíunnar.



Gunnlaug A. Jónsson.

Gledileg jól
og
þarsælt komandi ár!



Bæjarstjórn og starfsmenn Seltjarnarnesbæjar senda bæjarbúum jólakveðjur með þökkum fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða

Nýtt kaffihús á Eiðistorgi

- mjólkursykursfríar vörur frá Örnunni á boðstólum

Nýtt kaffihús hefur verið opnað á Eiðistorgi. Kaffihúsið nefnist Innovation House Café og er til húsa á vesturenda torgsins þar sem Blómastofan var um árabíl. Húsnæðið hefur verið innréttað að nýju í liflegum stíl og þess vandlega gætt að birgja ekki neinu hátt fyrir útsýni út á sjóinn. Arna María Hálfánardóttir er rekstrarstjóri kaffihússins en Arna er dóttir Hálfáns Óskarssonar stofnanda og eins eigenda mjólkurvinnslunnar Örnunni en hann nefndi fyrirtækið í höfuð dóttur sinnar á sínu tíma.

Það er Jón von Tetzchner sem að undanförunni hefur efnt til fjárfestinga og starfsemi á Eiðistorgi sem er eigandi hins nýja kaffihúss. Einkenni kaffihússins er að þar verða laktósafríar mjólkurvörur, það er mjólkurvörur sem mjólkursykur hefur verið skilinn og koma frá mjólkurvinnslunni Örnunni í mikilvægu hlutverki. Einnig er ísbúð innbyggð í kaffihúsið þar sem ís er seldur úr mjólkursykurfríri mjólk. Arna



Arna María Hálfánardóttir.

segir að þegar Jóni hafi boðist að festa kaup á þessu húsnæði hafi hugmyndin að kaffihúsinu kviknað meðal annars vegna þess að ljóst hafi verið að laktósafríar ísvörur vantaði á markaðinn. Hægt er að fá kökur og annað bakkelsi á kaffihúsinu þar sem

aðeins verða notaðar mjólkurvörur frá Örnunni. Á kaffihúsinu er hægt að fá rjómaís í vél og svo kúluis og verða átta bragðtegundir í boði í einu en hægt að bjóða upp á fleiri tegundir. Arna telur að grundvöllur geti orðið fyrir því að opna fleiri staði þar sem

Örnusinn verður til sölu. Arna segir að kaffihúsið og ísbúðin hafi fengið góða viðtökur – engu líkara sé en beðið hafi verið eftir því að það opnaði enda ekkert kaffihús verið fyrir á Seltjarnarnesi. Skynsamlegt sé þó að taka eitt skref í einu.

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!

3ja ára ábyrgð

JS LJÓSA SMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTAN

Skemmuveggi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661



FARSAEL JÓL!



FLOTHETTA & SVEITA-SAMFLOT

Í einum pakka Flothettan og gjafakort í Sveita-Samflot að eigin vali 2017.

Fullt verð 22.900.
JÓLAVERÐ: 21.000 kr.



Ómótstæðilegur JÓGAFATNAÐUR!

Fallegt úrval.

Lífræn sterk bómull.



MANDUKA þykja bestar!

Taj Mahal jóga dýnanna.

Nokkrar gerðir a PRO og eKO og fylgihlutir.



MÖNTRU ARMBÖND – fallega hliðin á lífinu!

Einföld og elegant.

Sillfur, gull, rósagull.

Án ofnæmisvalda.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mjúkir mánudagar: 10 - 18.
Þri. - fös.: 9 - 18.
Laugardagar: 10 - 16.

Sun. 18. des: 13 - 17.
Þorláksmessa: 9 - 19.
Aðfangadagur og þriðji í jólum: LOKAÐ.

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

AÐVENTA, SÖGUR OG SÚKKULAÐI

Desember er genginn í garð og jólin nálgast. Á aðventunni þegar skammdegið er sem svartast þá er þörfin fyrir ljósið mikil. Aðventan er tími vonar, þakklætis og kærleika og ljósin og litadýrðin lífga upp á þennan árstíma. Í félagsstarfi eldri borgara nýtur fólk aðventunnar með ýmsum hætti og allt sem við gerum í desember er með nokkuð hátíðlegum blæ.

Við förum saman í leikhús, heimsækjum Hótel Örk og njótum þar samveru í mat og skemmtun.

Við spilum félagsvist og bingó þar sem verðlaun og vinningar eru tengd jólum. Bókasafnið og kirkjan bjóða upp á fjölbreytta dagskrá nú í desember sem við hvetjum fólk til að kynna sér og njóta. Einnig mun Tónlistarskólinn bjóða upp á jólatónleika í kirkjunni.

Miðvikudagurinn 14. desember er almennur handavinnudagur, en þá verður einnig boðið upp á fönður og verða búin til jólakort og lykklappur. Fólk hafi gómul jólakort meðferðis en annars verður allt efni á staðnum.

Fimmtudaginn 15. desember frá kl. 15.00 verður svo opið hús í félags og tómsutómstundaaðstöðundaraðstöðu eldri borgara / salnum á Skólabrautinni sem við köllum.

„SÖNGUR OG SÚKKULAÐI“ en þá fáum við til okkar góða gesti sem líta inn til okkar með dagskrá sem tengist aðventunni og jólnum. Söngfuglar kór eldri borgara, ungir hljóðfæraleikarar úr Tónlistarskóla Seltjarnarness, ásamt tveimur rithöfundum sem lesa upp úr nýttkomnum bókum sínum. Við hvetjum fólk til að kíkja inn og njóta samverunnar. Allir hjartanlega velkomnir.

Í byrjun janúar kemur nýtt dagskrárblað félags og tómsundastarfsins þar sem fram kemur dagskráin frá janúar til júní 2017. Fyrirspurnir og ábendingar varðandi starfið má koma á framfæri til Kristínar í síma 8939800.

Fyrsti starfsdagur félagsstarfsins á nýju ári er þriðjudagurinn 3. janúar.

Jólin eru hátíð ljóss og friðar og er það einlæg ósk starfsmanna félags og tómsundastarfsins að allir fái notið hátíðarinnar eftir því sem best lætur.



NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188

Láttu ekki kvefið stoppa þig

Oleum Basileum
náttúruleg olía

Schustabær Systrasamtögu Suðurskrönd 10 Seltjarnarnesi

UMHVERFISHORNID

Fugl mánaðarins – skógarþröstur



Skógarþröstur að eta ber af alpareyni. Þau standa oft lengur fram á vetur en önnur ber.

Skógarþröstur er garðfugl á Seltjarnarnesi. Hann hóf að verpa þar upp úr 1960. Landnám skógarþrastar, eins og annarra garðfugla, er afleiðing aukinnar byggðar og trjáræktar. Í gördum velja þrestir sér helst grenitré til varps, til að forðast ketti, en þeir verpa einnig í fiskihjöllum, tómun kofum, utan á húsum og víðar. Flestir skógarþrestir eru farfluglar og er fuglinn mest áberandi á Framnesinu á fartíma í apríl og síðan aftur í september – október. Einhver slæðingur af þröstum dvelur í gördum allan veturinn. Þeir fóru að hafa vetrardvöl upp úr 1970 og lifa á berjum, smádyrum og fódri sem fólk leggur út fyrir þá. Epli, perur og aðrir ávextir þykja þeim eftirsóknarverð.

Jóhann Óli Hilmarsson, johannoli.com

Jólapappír

Það hlaut að koma að því. Jólapappír, umbúðir, borðar, kassar – ruslið eftir aðfangadagskvöld er komið og allt þarf þetta að fara eitthvað. En hvert?

Það er óskaplega freistandi að stinga bara öllu í stóra svarta plastpoka og troða síðan ofan í tunnu. Það er til betri leið, að minnsta kosti fyrir umhverfið, og hún er að flokka. Nokkur ráð: pakkaskraut, borða, kassa, poka og bönd sem enn standa fyrir sínu má nota aftur og jólapappírinn má líka nota á næstu jólum eða afmælum jafnvel þótt eitthvað af honum hafi rifnað (þökk sé mismunandi pakkastærðum). Með því að rúlla heillega pappírnum í myndarlega rúllu gætir þú átt gjafapappír á lager allt árið!

Áætluð notkun á jólapappír á Íslandi eru 3-4 milljón metrar um hver jól. Skrautpappír er í fæstum tilvikum endurvinnanlegur. Litaður jólapappír með málmáprentun eða glimmeri er alls ekki endurvinnanlegur og flokkast sem óendurvinnanlegt sorp. Það er ágætt að minnast þess þegar keyptur er jólapappír um næstu jól að til er jólapappír sem er endurvinnanlegur og er alveg jafnfallgur en glimmerpappírinn þó á annan hátt sé. Allan endurnýjanlegan pappír má setja í bláu tunnuna.

Vistvæn jól er hugtak sem farið er að nota yfir það að hugsa örliðið meira um umhverfið og náttúruna þegar jólaneyslan er annars vegar. Betra væri þó að tala um „minna vistspillandi jól“ því að nútímajól og jólaundirbúningur getur ekki talist sérlega umhverfisvænn. Það er ekki ætlunin hér að umturna hefðum og ræna börnum gleði jóllanna, þvert á móti að takast á við það sem raunverulega liggur að baki anda jóllanna.

Oft erum við að stunda ofneyslu og bruðl og skynsemin flýgur út um gluggann rétt fyrir jólin. Hlutir eru keyptir án þess að mið sé tekið af raunverulegu notagildi, orkueyðslan fer úr böndunum, mengun og kolefnislosun skiptir ekki máli og endurnýtanleiki þess sem við kaupum gleymist oft í hita leiksins. Nútímajól kalla á óstjórnlegt taumleysi í innkaupum þar sem hin ímyndaða þörf er látin gnæfa yfir afleiðingarnar. En hömlulaus efnisneysla er ekki nauðsynleg til að skapa hátíðleika. Hátíðleikinn býr innra með okkur og hann má kalla fram á mun umhverfisvænni og mannvænni hátt en okkur hættir oft til að gera.

Heimildir: Náttúran.is

Gleðileg jól.

f.h. umhverfisnefndar, Margrét Pálsdóttir.



Jólagjöf sem allir geta notað

Gjafakort Arion banka er hægt að nota hvar sem er.

Þú velur fjárhæðina, þiggjandinn velur gjöfina.

Gjafakortið fæst í öllum útibúum og á arionbanki.is/gjafakort

 Arion banki
- fyrir framtíðina

Áramótabrennan á Valhúsaheð hefst kl. 20.30

Hermann Arason
stýrir fjöldasöng.

Sjáumst í hátíðarskapi.

Seltjarnarnesbær óskar
bæjarbúum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

Matarbúrið sérvorslun með nautakjöt Grandagarði 29

Grasfóðrað nautakjöt,
Velferðarkjúklingur,
Lambakjöt úr sjálfbærri sauðfjárrækt,
hreindýrakjöt, grísakjöt,
kanína ofl. í boði.

Opið þriðjudaga til föstudaga frá kl. 11-18.
Laugardaga frá kl. 12-17.



Bæjarstjórn Seltjarnarnessbæjar

Skorar á Alþingi að endurskoða úrskurð kjararáðs

Bæjarstjórn Seltjarnarnessbæjar hefur skorar á Alþingi að grípa inn í og endurskoða sem allra fyrst nýlegan úrskurð kjararáðs um þingfararkaup og laun æðstu ráðamanna þjóðarinnar. Bæjarstjórn telur brýnt í nafni stöðugleika að laun kjörinna fulltrúa og laun æðstu embættismanna ríkis og sveitarfélaga fylgi almennri launaþróun í landinu á hverjum tíma.

Bæjarstjórn hefur einnig samþykkt á fundi sínum þann 23. nóvember að laun kjörinna fulltrúa og nefndarmanna á Seltjarnarnesi, sem tengjast þingfararkaupi og þar með ákvörðun kjararáðs, hækki ekki í samræmi við nýlegan úrskurð kjararáðs heldur haldist óbreytt að sinni og bíði umræðu á Alþingi um úrskurðinn.



Blóm jólanna



- Jólatúlípanar
- Ilmandi Hyacinthus
- Glitrandi jólavendi

Blómagallerí

Gleðileg jól!

Helgihald um jól og áramót í Seltjarnarneskirkju

Sunnudagurinn 18. desember

Guðsþjónusta kl. 11.

Sr. Bjarni Þór Bjarnason,
sóknarprestur, þjónar.

Dr. Gunnlaugur A. Jónsson,
prófessor, prédikar.

Friðrik Vignir Stefánsson,
organisti kirkjunnar leikur á
orgelið.

Félagar úr Kammerkórnum
syngja.

Kaffiveitingar og samfélag eftir
athöfn.



Þriðjudagurinn 27. desember

Stund fyrir eldri bæjarbúa kl. 14.

Sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir
segir frá bók sinni Salt og hunang.
Kaffiveitingar og samfélag.

Föstudagurinn 23. desember

– Þorláksmessa

Orgeltónar við kertaljós kl. 22.

Organisti kirkjunnar leikur á
orgelið.

Eygló Rúnarsdóttir syngur jólalög.

Laugardagurinn 24. desember –

aðfangadagur jóla

Aftansöngur kl. 18.

Sóknarprestur þjónar og organisti
kirkjunnar leikur á orgelið.

Félagar úr Kammerkórnum
syngja.

Sunnudagurinn 25. desember

– jóladagur

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

Sóknarprestur þjónar og organisti
kirkjunnar leikur á orgelið.

Félagar úr Kammerkórnum
syngja.

Kaffi, konfekt og samfélag eftir
athöfn.

Laugardagurinn 26. desember –

annar í jólum

Helgistund vegna kirkjuhlaups

Trimmklúbbs Seltjarnarness kl. 10.

Laugardagurinn 31. desember

– gamlársdagur

Opið hús frá kl. 20.30-22. Heitt
súkkulaði og smákökur fyrir þá
sem fara á eða koma af brennuni
á Valhúsahæð.

Fögur tónlist í kirkjunni.

Sunnudagurinn 1. janúar 2017

– nýársdagur

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

Sóknarprestur þjónar og organisti
kirkjunnar leikur á orgelið.

Þórleifur Jónsson flytur
hátíðarræðu.

Félagar úr Kammerkórnum
syngja.

Kaffi, konfekt og samfélag eftir
athöfn.

Sunnudagurinn 8. janúar 2017

Messa og sunnudagaskóli kl. 11

Sóknarprestur þjónar og organisti
kirkjunnar leikur á orgelið.

Félagar úr Kammerkórnum
syngja.

Kaffiveitingar og samfélag eftir
athöfn.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook



www.systrasamlagid.is



Jólagjöfin

fast í Spilavinum

Spilavinir

Suðurlandsbraut 48 (bláu húsin í Faxafeni) - Sími 553 3450 - www.spilavinir.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir

www.utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242





Góður árangur á Aðventumóti Ármanns



Ásdís, Ragnhildur Emilía, Lovísa, Hrefna, Nína, Sunna, Natallía, Aníta, Emilía og Ragnhildur Arna kepptu í 5. þrepi létt 8 ára á Aðventumótinu og stóðu sig vel.

Alls tóku 38 Gróttustúlkur þátt í hinu árlega Aðventumóti Fimleikadeildar Ármanns var haldið helgina 25. til 27. nóvember.

Diljá Elíasdóttir varð í 2. sæti í 4. þrepi +50 stig. Agnes Sólbjört Helgadóttir varð í 3. sæti í 4. þrepi -50 stig. Hildur Þurí Indriðadóttir sigraði og Sif Kvaran varð í 3. sæti í 4. þrepi létt 9 ára. Gígja Ketilsdóttir varð í 3. sæti í 4. þrepi létt 10 ára og eldri. Lísbet Freyja varð í 2. sæti og Freyja Geirsdóttir varð í 3. sæti í 5. þrepi +52 stig.

Sæunn Lív Christophsdóttir Weigl sigraði í 5. þrepi - 52 stig, Arna Liv Björgvinsdóttir varð í

3. sæti og Þórdís Þorsteinsdóttir varð í 4. sæti í sama flokki. Auk þess sigruðu Gróttustúlkur liðakeppnina í 5. þrepi - 52 stig. Í liðinu voru þær Arna Liv Björgvinsdóttir, Auður Ingvadóttir, Sæunn Lív Christophsdóttir Weigl, Thelma Gunnarsdóttir og Þórdís Þorsteinsdóttir.

Þjálfarar stúlkanna eru þau Anna Sóley Jensdóttir, Gabriella Belányi, Sesselja Järvelä, Tinna Rut Traustadóttir, Hrafnhildur Sigurjónsdóttir, Þóra Lucrezia og Fanney Hauksdóttir. Frábær árangur hjá Gróttu á þessu skemmtilega móti. Til hamingju stelpur og þjálfarar.

Á fótboldamóti í loftbóluhúsi



Síðustu helgar hafa krakkar í 6. og 7. flokki Gróttu tekið þátt í jólamóti Hamars í Hveragerði. Mótin hafa farið fram í hinu margfræga, uppblásna íþróttahúsi Hvergerðinga sem veitir gott skjól gegn veðri og vindum.

Óhætt er að segja að Gróttukrakkarnir hafi staðið sig með mikilli þrýði á mótunum. Þjálfarar krakkanna lögðu ríka áherslu á að allir væru óhræddir við að gera mistök og reyndu eftir fremsta megni að spila góðan fótbolta. Sumir voru að fara á sitt fyrsta alvöru fótboldamót og sýndu flotta takta sem lofa góðu fyrir komandi tímabil. Stelpurnar í 7. flokki mættu með þrjú lið á svæðið en í 6. flokki voru liðin fjögur. Strákarnir í 7. flokki tefldu fram sjö liðum en 6. flokkurinn sex liðum. Stemningin á mótunum var afar góð en á meðfylgjandi mynd má sjá strákana í 6. flokki hlaða í svokallað „dab“.

www.grottasport.is



GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.

Föstudaga
13:00 til 19:00.

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudag
10:00 til 15:00.



Metþátttaka í leikskólafótbolta

Knattspyrnudeild Gróttu býður börnum í leikskóla Seltjarnarness upp á æfingar á leikskólatíma þriðja veturinn í röð. Þjálfarar Gróttu sækja börnin í leikskólann, stráka á fimmtudögum og stelpur á föstudögum, og fylgja þeim á fótboltaæfingu í íþróttahúsinu.

Á laugardögum er svo sameiginleg æfing stráka og stelpna. Nú eru um 50 börn í

leikskólanum skráð í fótbolta sem er nýtt met! Þetta öfluga starf í leikskólafótboltanum hefur sannarlega skilað sér inn í knattspyrnudeildina en aldrei hafa fleiri stelpur æft fótbolta hjá Gróttu og strákunum fer sömuleiðis fjölgandi. Það er hinn þaulreyndi og bráðskemmtilegi Björn Valdimarsson sem er þjálfari í bæði 8. flokki karla og kvenna.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinn er Elsa Nielsen grafískur hönnuður og myndlistarmaður, hún var valin Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2016. Elsa hefur hlotið margar viðurkenningar og verðlaun fyrir grafíska hönnun, bæði hérlendis og erlendis. Farsæll ferill og velgengni Elsu hefur ekki einskorðast við sköpun á sviði hönnunar og lista en margir þekkja hana betur fyrir afrek hennar á sviði íþróttar sem hún hampaði margsinnis Íslandsmeistara titli í badminton og var fulltrúi Íslands í einliðaleik á Ólympiuleikunum í tvígang.



Fullt nafn? Elsa Nielsen.

Fæðingard. og ár? 26. Júní 1974.

Starf? Grafískur hönnuður og myndlistarmaður.

Farartæki? Hyundai SantaFe.

Helstu kostir? Jákvæð.

Eftirlætis matur? Nautalund með benna.

Eftirlætis tónlist? Coldplay.

Eftirlætis íþróttamaður? Akkurat núna er það Ólafía Þórunn Kristinsdóttir.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Get ekki beðið eftir að sjá næsta Leitinn að uppruninum.

Besta bók sem þú hefur lesið? Alex eftir Pierre Lemaitre.

Uppáhalds leikari? Cameron Diaz.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Seven.

Hvað gerir þú í frístundum þínum? Spila badminton, golf og blak – fjölskyldustundir eru samt dýrmætustu stundirnar.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Við Álfvatn í Grímsnesi er upphalds!

Hvað metur þú mest í fari annarra? Jákvæðni og dugnaður.

Hvern vildir þú helst hitta?

Ömmu mína og afa sem ég fékk aldrei að hitta.

Uppáhalds vefsíða? Pinterest.com

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Nýja golfskó væri æði og út að borða með fjölskyldunni.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti? Byggja sólpall með heitum pott og eyða restinni í að búa til minningar ... helst golfminningar.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Taka mér frídag.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Að vera hressasta gellan á elliheimilinu með endalaust af góðum minningum í farteskinu.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Fór til Rómar með feringarbarninu mínu.

JÓLAGJÖFIN Í ÁR?

VIÐ KYNNUM ARC-TIC RETRO

FYRIR DÖMUR OG HERRA

VERÐ FRÁ: **29.900,-** MEÐ STÁLKEDJU **34.900,-**

GILBERT

ÚRSMÍÐUR

Laugavegi 62 - sími: 551-4100

www.gilbert.is

www.borgarblod.is

Lifandi jólatri

Sérvalinn normannspínur, íslensk fura og blágreni.
Einnig mikið úrval af gervijólatrjám og skrauti.

Sölustaðir

**TIMBURVERSLUN
BREIDD**

MÁN-MIÐ 8-18
FIM-FÖS 8-20
LAU 10-20
SUN 11-20

SELFOSS

MÁN-FÖS 10-18
LAU 10-18
SUN 12-16



Allt í jólapakkan

Harðir pakkar með notagildi!

NOKKRAR HUGMYNDIR



FÖNDURFRÆSARI
3000MD 3 Star Kit

7.995 kr.

Almennt verð: 9.995 kr.
74780311



**25% AFSLÁTTUR
AF MATAR- OG
KAFFISTELLUM**
HEIL SETT

BOSCH

MATVINNSLUVÉL
800W.

13.995 kr.

Almennt verð: 17.995 kr.
65742022



BLUETOOTH HÁTALARI
í sturtuna, baðið eða pottinn.

13.995 kr.

15326268



Auðvelt að versla á byko.is

